

103/45 fundur

Fimmtudagskvöldið 25. janúar 2001 kom hreppsnefnd saman til fundar að Langanesvegi 2 og hófst fundur kl. 20:00.

Mættir. Steinn Karlsson, Gunnlaugur Ólafsson, Henryr Már Ásgrímsson, Oddur Skúlason, Guðmundur Vilhjálmsson og Magnús Már Þorvaldsson.

Varaoddviti setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá.

1. Mál. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd, 14.12.00.
- Hreppsnefnd, 14.12.00, framhald.
- Skólamálaráð, 18.12.00. Samþykkt samhljóða.
- Skólamálaráð, 10.01.01. Samþykkt samhljóða.
- Landbúnaðarnefnd, 23.01.01. (með fyrirvara), fundur var ekki haldinn.

Oddviti óskaði eftir leyfi fundarins að taka á dagskrá fundargerð íþr. og tómstundaráðs 22.jan. 01. Samþ. samhljóða. Fundargerð ípróttu og tóms.r. 22.01.01. Samþ.samhljóða.

Skýrsla sveitarstjóra í tengslum við fundargerðir. Sveitarstjóri flutti greinargóða skýrslu um störf sín.

2. Mál. Atvinnumál, - atvinnufulltrúi, - atvinnumálanefnd.

Ákveðið að skipa í undirbúningsnefnd v. atvinnumála á næsta fundi hreppsnefndar, uppástunga um tvo aðila frá meirihluta og einn frá minnihluta hreppsnefndar.

3. Mál. Álagning fasteignagjalda og annarra gjalda.

Varaoddviti lagði fram eftirfarandi tillögur:

“ Hreppsnefnd Þórshafnarhrepps samþykkir að fasteignagjöld verði sem hér segir: Álagningarprósenta fasteignaskatts, holræsagjalds og vatnsskatts verði óbreytt. Sorphreinsunargjald verður kr. 5.000,- . Sorpeyðingargjald 5.000,- á eignir skv. A-lið. Aukavatnsskattur verður kr. 10,-/m³. Samþykkt með 4 atkv. 1 sat hjá.“ Sorphreinsunar og sorpeyðingargjald skv. B-lið ákveðið síðar “ Samþ. með 4 atkv. 1. sat hjá “.

“ Gjaldskrá leikskóla hækkar um 5%, afslættir óbreyttir, þ.e. systkinaafsláttur 15%, forgangshópar 25% “.

“ Reglur um niðurfellingu fasteignaskatts elli og örorkulífeyrisþega 2001”.

“ Fasteignaskattur ellilífeyrisþega lækkaður um allt að 20.000,- kr. af hverri íbúð sem nýtt er til eigin nota. Sama regla gildi um öryrkja 75%”. Samþykkt samhljóða, aðrar gjaldskrár kynntar síðar.

4. Mál. Fjárhagsáætlun 2001. , fyrri umræða. Varaoddviti lagði fram eftirfarandi tillögu.

“ Varaoddviti minnir á að hreppsnefndarmenn hugi að áætluninni og leggur til að fyrri umræða fari fram í næstu viku. Forstöðumenn deilda yfirfari fjárhagsáætlun deilda sinna með útskýringum. Tillaga að fela sveitarstjóra að sækja um frestun fjárhagsáætlunar 2001 og þriggja ára áætlun. Stefnt að forstöðumenn skili inn áætlun fyrir fimmtudag í næstu viku”. Samþykkt samhljóða.

5. Mál. Samstarfsamningur um brunavarnir.

Sveitarstjóri og varaoddviti kynntu málið.

6. Mál. H.Þ., erindi vegna urðunar kúfskeljar.

Bréf dagsett 17.01.01. Varaoddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: “ Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti að geymslustaður fyrir kúfskel verði grjótnáma ofan Hálsvegur að fengnu samþykki Heilb.eftirlits og Hollustuverndar ríkisins. Einnig óskað eftir umsögn um varageymslustað frá hendi sömu aðila “. Samþykkt samhljóða.

7. Mál. Náttúruvernd ríkisins,- náttúruverndaráætlun. Bréf dags. 8.des.00.

Erindinu vísað til landbúnaðarnefndar, til umfjöllunar og tillögu til hreppsnefndar. Samþ.samhljóða.

8. Mál. Félagsmálaráðuneytið,- varasjóður viðbótarlána. Bréf dags 23.nóv. 00.

Samþykkt samhljóða að vísa erindi til húsnaðisnefndar.

9. Mál. Félagsmálaráðuneytið. Lán til leiguíbúða. Kynning.

10. Mál. Félagsmálar.neytið,- ráðgjafanefnd jöfnunarsjóðs. Kynning.

Varaoddviti óskaði eftir leyfi fundarins að taka á dagskrá bréf dags. 11. janúar 2001 frá Félagsmálaráðun. Samp.samhljóða.

11. Mál. Lánasjóður sveitarfélaga,- lánsúmsóknir 2001.

Sveitarstjóra falið að óska eftir fresti og bréfinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar. Samp. samhljóða.

12. Mál. Alþingi, félagsmálanefnd v. tekjustofna sveitarf. / vatnsveitur. Kynning.

13. Mál. Alþingi, félagsmálanefnd v. félagsþjónustu réttindagæslu fatl. og fl. Kynning.

14. Mál. Innsend erindi frá:

- Eiðiseigendur , bréf til Þórshafnarhrepps. Bréf dags. 4. des. 2000. Samp. að vísa bréfinu til landbúnaðarnefndar, til umfjöllunar.
- Bókunarmiðstöð,- uppgötvaðu Ísland. Kynning.
- Verkalýðsfélag Þórshafnar, - samstarfssamningur. Kynning.
- Samb. ísl.sveitarf., breyting á kjarasamningi launaneftdar. Kynning.
- Talnakönnun hf. á ferð um Ísland, ferðahandbók. Kynning.

Sveitarstjóra falið að setja heimasíðu (veffang) Þórshafnarhrepps inn í handbókina.

- Safnahúsið á Húsavík, reglugerð um héraðsskjalasöfn. Kynning.
- Jafnréttisstofa, 2. erindi. Kynning.
- Samb. ísl. sveitarfélaga, fræðsla um vímuefni og forvarnir. Bréf dags. 4. jan. 01.

Samp. samhljóða að vísa bréfinu til skólamálaráðs.

- Samtök sveitarfélaga á köldum svæðum. Kynning.
- Fegurri sveitir, áfangaskýrsla. Samp. samhljóða að vísa erindinu til landbúnaðarnefndar.
- Hagstofa Íslands, mannfjöldi. Kynning.
- Hafnasamband sveitarfélaga. 3. fundargerðir. Kynning.
- Rithöfundasamband Íslands. Bréf. Kynning.
- Hvað geta sveitarfélög gert til að laða Kynning.

Varaoddviti óskaði eftir leyfi fundarins að taka á dagskrá liðinn einkamál. Samp. samhljóða og verður hann tekinn til afgreiðslu að loknum fundi og fært í þar til gerða trúnaðarbók.

Fundagerð lesin upp og samþ. samhljóða.

Fundi slitið kl. 23:45.

Kristín Kristjánsdóttir, ritari.